



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 28. febrúar 2019

USK2018120001

8.6

Borgarráð

Árbæjarsafn. Sýningarskáli og geymslur.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við byggingu sýningarskála í Árbæjarsafni fyrir götuvaltarann Bríeti og eimreiðina Pionér. Áætlað er að framkvæmdir geti hafist í maí.

Á árinu 2019 er einnig áætlað að ljúka verkefnum frá fyrra ári s.s. uppsetningu á vatnsúðakerfum í geymsluskemmum o.fl.

Kostnaðaráætlun 2 vegna ofangreindra framkvæmda er alls 114,8 mkr.

Greinargerð:

Kostnaðarstaður: 1103.

Kostnaðaráætlun 1: 114,8 mkr.

Kostnaðaráætlun 2: 114,8 mkr. Þar af vegna sýningarskála og umhverfis hans: 75 mkr.

Skv. fjárhagsáætlun 2019 er gert ráð fyrir 114,8 mkr. vegna framkvæmda í Árbæjarsafni á árinu 2019.

Áætluð hækkun innri leigu MOF: 12 mkr á ári.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds


Hjálagt:
Upplýsingablað

BRÍET



Gufuvaltarann *Bríeti* var smíðaður í Englandi. Hann var fluttur til Íslands árið 1912 og lengst af notaður við gatnagerð í Reykjavík. Bæjarstjórn Reykjavíkur hafði þá samþykkt að kaupa valtara til gatnagerðar en göturnar í bænum þóttu orðnar býsna holóttar. Manna á meðal var valtarinn nefndur Bríet og jafnvel Knútsdóttir, eftir þeim Bríeti Bjarnhéðinsdóttur og Knud Zimsen, bæjarfulltrúum sem höfðu barist mjög fyrir að fá hann keyptan. Valtarinn var fluttur á Árbæjarsafn 1961.

PIONÉR



Árið 1913 voru fluttar tvær eimreiðar til Reykjavíkur, *Minör* og *Pionér*, sem smíðaðar voru í Þýskalandi 1892. Þær voru notaðar til að flytja grjót og fyllingarefni frá Öskjuhlíð í hafnargarðana við Ingólfsgarð (Batterið), Grandagarð, Norðurgarð og í Örfirisey. Verkinu lauk 1917. Frá árinu 1975 hefur *Pionér* verið í vörslu Árbæjarsafns en *Minör* er í eigu Faxaflóahafna.